

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna bs. til að taka gildi 1. febrúar 1998.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

B5 Búrekstur með rafmagnshitun

Orka	kr/kWh	3,35
Umframorka	kr/kWh	6,83
Afl	kr/kW/ár	6.930,00
Fast gjald	kr/ár	8.307,00

Iðnaðarráðuneytinu, 27. janúar 1998.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 9.800
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr. 14.900.

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald ... kr. 8.700.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

1. Fyrsta afhending	kr. 13.000
2. Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	kr. 6.500
3. Önnur afhending, hafi við fyrstu afhendingu verið greitt gjald samkvæmt 2. tl.	kr. 19.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. og 18. grein laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.

Umhverfísráðuneytinu, 21. janúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum og beingreiðslur 1996-2000.

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Beingreiðsla greiðist til handhafa með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar, þó þannig að greiðsla vegna janúar greiðist 1. febrúar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. janúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.